
K Ö R F U K N A T T L E I K S S A M B A N D Í S L A N D S .

24. Á R S Þ I N G .

Haldið í Félagsstofnun Stúdentav/ Hringbraut
dagana 18. og 19. maí 1984.



K.K.Í.

K.K.Í.

Dinggerð 24. ársþings KKI.

1. Dingsetning: Fráfarandi formaður KKI, Þórdís Anna Kristjánsdóttir bauð þingfulltrúa velkomna og sérstaklega bauð hún velkominn framkvæmdastjóra Í.S.Í. Hermann Guðmundsson.

2. a) Kosning kjörbréfanefndar.

Stungið var upp á Gunnari Vælgeirssyni, Sigurði Val Halldórssyni og Ingvari Kristinssyni. Ekki bárust fleiri tillögur og teljast þeir því rétt kjörnir.

b) Kosning fyrsta og annars þingforseta:

Tillaga var um Bjarna P. Magnússon sem fyrsta þingforseta og Einar G. Bollason sem annan. Voru þeir samþykktir samhljóða.

c) Kosning fyrsta og annars þingritara:

Stungið var upp á Kolbrúnu Jónsdóttur sem fyrsta þingritara og Guðna Ölverssyni sem öðrum þingritara. Fleiri tillögur bárust ekki og teljast þau því rétt kjörin.

Nú tók þingforseti, Bjarni P. Magnússon, við stjórninni og var gengið til dagskrár.

3. Kosning fastra nefnda.

Eftirtalðar tillögur bárust, og voru þær samþykktar.

Fjárhagsnefnd: Kristinn Stefánsson
Sigurður Lárus Hólm
Kristinn Guðnason

Laga og leikreglnanefnd:

Jónas Ingi Ketilsson
Torfi Magnússon
Sigvaldi Ingimundarson

Allsherjarnefnd:

Guðmundur Hallgrímsson
Hilmar H. Gunnarsson
Sigurður Hjörleifsson

4. Skýrsla fráfarandi stjórnar:

Fráfarandi formaður KKI, Þórdís Anna Kristjánsdóttir, lagði fram skýrslu fráfarandi stjórnar, en henni hafði verið dreift fjölritaðri til þingfulltrúa.

Formaðurinn sagði að það sem hefði helst háð starfsseminni síðastliðinn vetur væri hve erfitt hefði reynst að fá fólk til starfa. Sérstaklega tiltók hún landsliðnefnd og mótanefnd. Landsliðsnefnd, tókst ekki að mynda og mótanefnd er skipuð tveimur stjórnarmönnum auk framkvæmdatjóra.

Hins vegar gladdist hún yfir því hve vel hefði gengið að innheimta gjöld félaganna til KKI. Áleit hún fyrst og fremst vera tvær ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi betri fjárhagsstöðu félaganna sem hún taldi leiða af "útleiðingaleysi" og í öðru lagi að nú var greiðslu þátttökugjalda og fyrri hluta dómargjalda, í fyrsta sinn dreift á þrjá gjalddaga, fyrir áramót.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga:

Kristinn Stefánsson lagði fram reikningana og gerði grein fyrir skekkju sem þar væri að finna, þar sem gleymst hefði að fara inn styrk frá Samvinnuferðum/Landsýn upp á krónur 145.000.00. Það hann þingfulltrúa velvirðingar á þessu og það þá jafnframt um að fara inn breytingar.

Kjörbréfanefnd hafði nú lokið störfum sínum. Gunnar Valgeirsson hafði orð fyrir nefndinni og las upp nöfn þingfulltrúa og lagði til að kjörbréf þeirra yrðu samþykkt, og var það gert.

Þingfulltrúar fyrri dag voru eftirtaldir:

Frá Íþróttabandalagi Suðurnesja:

Guðni Ölversson
Ægir Ágústsson
Eyjólfur Guðlaugsson
John Spencer
Valur Ingimundarson
Sturla Örlygsson

Frá Íþróttabandalagi Keflavíkur:

Gunnar Valgeirsson
Sigurður Valgeirsson
Hólmgeir Hólmgeirsson
Ólafur Ástvaldsson

Frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur:

Sigurður Valur Halldórsson
Þóra Steffensen
Þorgeir Ingvarsson
Sigvaldi Ingimundarsson
Gylfi Þorkelsson
Kristinn Jörundsson
Benedikt Jónsson
Þröstur Guðmundsson
Carsten Kristinsson
Jón Sigurðsson
Kristinn Stefánsson
Þórdís Anna Kristjánsdóttir
Árni Guðmundsson
Kolbrún Jónsdóttir
Jónas Ingi Ketilsson
Hilmar H. Gunnarsson
Eiríkur Ingólfsson
Bjarni P. Magnússon
Sigurður Lárus Hólm
Guðmundur Hallgrímsson
Torfi Magnússon
Einar Matthíasson

Frá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar

Kristinn Guðnason
Reynir Kristjánsson
Ingvar Kristinsson
Sigtryggur Ásgrímsson
Einar G. Bollason

Þingforseti bauð nú Unglinganefnd, dómarnefnd og fræðslu stjóra að flytja sínar skýrslur.

Gunnar Valgeirsson hafði orð fyrir dómarnefnd. Hann gerir grein fyrir aðalstörfum nefndarinnar og því sem hæst bar á liðnum vetri þ.e. því að hingað kom David Turner og hélt námsskeið fyrir starfandi dómara. Hann sagði jafnframt að því miður hefði farið of mikill tími í að "redda" dómurum á síðustu stundu. Að lokum þakkaði hann framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf.

Jón Sigurðsson mælti fyrir unglínganefnd. Hann sagði að auðvitað hefðu þeir viljað starfa enn meira en gert var, en svoleiðis er það víst alltaf. Hann lagði áherslu á að leggja þyrfti meira upp úr menntun þjálfara, sérstaklega unglíngþjálfara. Hann gerði lítilllega grein fyrir því sem framundan er í starfinu og ber þar fyrst að telja að haldið verður á alþjóðlegt mót í Alvík í Svíþjóð, nú í júní, með tvö drengjalandslið. Því næst sagði hann dálítið frá fjáröflunarleiðum og foreldrasamstarfi en mikið hefur verið lagt upp úr því hjá unglínganefnd og hefur það borið góðan árangur. Hann sagði að ef ætti að vera mögulegt að halda úti svona miklu starfi væri nauðsynlegt að til kæmi beinn fjárhagslegur stuðningur frá stjórn KKÍ.

Hilmar Gunnarsson fræðslustjóri: Hann sagði að vissulega væri skýrsla sín ekki fyrirferðarmikil en þó í fullu samræmi við það starf sem fram hefði farið, enda tók hann ekki við starfinu fyrir en í febrúar sl. Síðan sagði Hilmar frá því sem gerst hefur síðan hann gekk frá skýrslunni, en það er fyrst og fremst það B-stígs námsefnið er komið úr prentun og stefnt er að því að halda fyrsta B-stígs námsskeiðið í haust.

Þessu næst var orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Sigurður Valur Halldórsson sagðist sjá sig tilneyddan að gagnrýna störf unglínganefndar. Með því að ákveða að taka þátt í Alvík mótinu með drengjalandslið, hefði unglínganefnd eyðilaggt möguleika Í.R. ínga á þátttöku sem þeir þó höfðu fyrirhugað. Hann kvað það skoðun sína að þar sem Alvík mótið væri mót fyrir félög ætti ekki að fara með landslið til keppni þar.

Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóri Í.S.Í.: Hann flutti þínginu kveðju frá forseta og framkvæmdastjórn Í.S.Í.

Hann kvaðst ekki alveg vita hvað hann ætti að segja um þessa skýrslu þar sem hún væri ólík því sem hann hefði áður séð. Hann sagði frá stöðu mála í byggingu gísti- og fundaaðstöðu í Laugardal.

Sambandsstjórnarfundur Í.S.Í. var haldinn 31. mars sl. Þar var meðal annars úthlutað styrkjum til sérsambandanna. Í fyrsta lagi útbreiðslustyrk en þar komu krónur 270.000.00 í hlut KKÍ og í öðru lagi styrk úr Ferðasjóði Í.S.Í. og Flugleiða og fékk KKÍ krónur 10.250.00 úr þeim sjóði.

Á sambandsstjórnarfundinum voru samþykktar breytingar á dóms- og refsíákvæðum Í.S.Í., sem miða að því að gera skýrari línur milli dómstóla sérsambandanna annars vegar og dómstóls Í.S.Í. hins vegar.

Þá var inntaka ípróttadeilda hestamannafélaga í Í.S.Í. samþykkt eftir þjark á annan áratug. Við það bætist líklega eitt sérsamband í hópinn, og að öllum líkindum annað á hausti komanda, þar sem allar líkur eru á að stofnuð verði samtök karatemanna. Á fundinum var ákveðið að Ípróttaping skyldi haldið í Reykjavík í september n.k.

Um leið og Hermann óskaði körfuknattleiknum í landinu allra heilla í framtíðinni, þakkaði hann fráfarandi stjórn, og sérstaklega framkvæmdastjóra, Kolbrúnu Jónsdóttur fyrir gott samstarf á liðnum vetri.

Stefán Ingólfsson kvað liðið ár hafa verið nokkuð sérstakt sökum kvennaríkis, en bæði formaður og framkvæmdastjóri eru konur. Hann nefndi þrjú atriði sem hann taldi hafa verið stefnumarkandi á síðastliðnu ári.

Í fyrsta lagi að engir erlendir leikmenn voru hér, í öðru lagi var nú í fyrsta sinn úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og í þriðja lagi voru landsliðsmálin látin sitja á hakanum. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að ekki ætti að setja stein í götu þeirra leikmanna sem færu erlendis til að leika körfuknattleik með því að gera þeim erfitt fyrir að koma heim aftur, þetta virtist því miður vera stefnan í körfuboltanum og kallaði hann það eiginhagsmunastefnu.

Hann lýsti yfir óánægju sinni með framkvæmd skólamóta, sér virtist sem þau væru nú orðið bara haldin af gömlum vana. Reyndar kvað hann Í.S.Í. hafa brugðist skyldu sinni í sambandi við stofnun skólaípróttasambands, þar sem slík sambönd væru starfandi í mörgum löndum og meira að segja hefði okkur einu sinni borist boð um að leika skólalandsleik, í körfuknattleik, við England. Þá minntist Stefán á að einn af okkar farsælustu körfuknattleiksmönnum stæði nú á tímamótum. Jón Sigurðsson hefði ákveðið að hætta að leika með landsliðinu. Stefán hvatti stjórn KKÍ til að meta það sem Jón hefur gert og þá reynslu sem hann hefur. Hann kvaðst að lokum vonast til að Körfuknattleiksping yrði hér eftir meira stefnumarkandi fyrir framtíðina, heldur en eiginhagsmunasemi.

Torfi Magnússon vildi byrja á að svara Sigurði Val vegna gagnrýni hans á störf unglínganefndar. Hann taldi þessa gagnrýni óréttmæta og alveg út í hött. Hann kvað unglínganefnd Í.R. hafa vitað með meira en hálfis árs fyrirvara, um fyrirætlanir unglínganefndar í sambandi við Alvík mótið.

Torfa þótti leitt að þegar menn kæmu í pontu til að tjá sig um skýrslu unglínganefndar, væri það eina sem út kæmi að lasta eitt fáránlegt atvik.

Sigurður Lárus Hólm vildi svara Stefáni Ingólfssyni, þar sem hann taldi að Stefán ætti við tillögu sem lægi fyrir þinginu og væri komin frá sér og fleirum er hann talaði um eiginhagsmunasemi.

Hann sagði að hann eins og reyndar fleiri, hefði lent í því að kæra Í.R. í vetur vegna Péturs Guðmundssonar og benti á að það væru fleiri Íslendingar sem léku körfuknattleik erlendis og sér þætti eðlilegt að þeir þyrftu að lúta sömu reglum og þeir sem færu t.d. frá Reykjavík og út á land, þ.e. bíða í einn mánuð. Það að formaður KKÍ skyldi ekki hugleiða það sem framundan er, í skýrslu sinni, varð Lárusi næst að umræðuefni. Hann kvað nauðsynlegt að velta rækilega fyrir sér hvert veita skuli fjármagni. Í A-landslið? Í U-landslið?

Að lokum tók Lárus til umfjöllunar samanburðartölur á aðsókn að leikjum í Úrvalsdeild. Benti á að auðvelt væri að fá út það sem hver vildi, í leik að tölum.

Einar Bollason hélt áfram þar sem Lárus hætti. Vildi halda fram að tengsl væru milli minnkandi aðsóknar og hnignandi gengis Í.B.K.

Hann fagnaði því að KKÍ skyldi hafa fengið Hilmar Gunnarsson til starfa sem fræðslustjóra í stað Gunnars Gunnarssonar.

Einar tók undir orð samstarfsmanna sinna í unglínganefnd, þeirra Jóns Sigurðssonar og Torfa Magnússonar, að ef hægt á að vera að halda áfram því góða og þróttmikla starfi sem þar hefur farið fram verður að koma til fjárframlag frá stjórn KKÍ.

Hann lýsti þeirri skoðun sinni að það ætti að minnsta kosti að leggja unglíngastarfið að jöfnu við A-landslið, peningalega.

Hann kom inn á gengi landsliðanna miðað við síðastliðin ár. Nú erum við að tapa fyrir landsliðum þjóða sem við áður áttum ekki í nokkrum vandræðum með. En uppskera er aldrei meiri en til er sáð. Það vantar heildarmynd á landsliðsstarfið. Það er ráðinn þjálfari, sem vinnur vel í eitt ár (sbr. Jim Dooley) en síðan fer hann og annar kemur í staðinn, með nýjar hugmyndir og nýjar aðferðir.

Hann minntist á gott starf landsliðsnefndar sem starfaði fram til vors 1983 og kvað slíkt starf nauðsynlegt ef árangur á að nást.

Hann gladdist yfir fjölda ungra leikmanna sem komið hefðu fram á sjónarsviðið á liðnum vetri.

Að lokum kvaðst Einar vonast til að þetta þing bəri gæfu til að móta framtíðarstefnu í körfuknattleiksmálum.

Hermann Guðmundsson: Kvaðst verða að svara Stefáni Ingólfsyni varðandi það að Í.S.Í. hefði brugðist skyldu sinni í sambandi við stofnun skólaþróttasambands. Hermann sagði þetta hafa mætt mikilli andstöðu skólayfirvalda og það vissi Stefán.

Fleiri höfðu ekki kvatt sér hljóðs um skýrslu stjórnar.

Þessu næst voru reikningar með áorðnum breytingum bornir undir atkvæði og samþykktir einróma.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Hingað til hefur þessum lið verið vísað til fjárhagsnefndar þingsins og var það einnig gert nú.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þar sem borist hafa til stjórnar.

Þingforseti lagði til að þingskjöl yrðu númeruð í þeirri röð sem þau eru borin upp.

Þingskjal nr. 1: Tillaga frá Benedikt Jónssyni. Þróstur Guðmundsson talaði fyrir tillögunni í fjarveru Benedikts. Hann gerði grein fyrir ástæðum þessarar breytingatillögu

sem hann taldi þó augljósar. Hann nefndi sem dæmi að fjöldi barna og unglunga byggji hér á landi en hefði erlent ríkisfang. Ástæðan fyrir því að erlendir leikmenn voru bannaðir á síðasta þingi hafi verið sú að koma í veg fyrir að þeir yrðu "fluttir inn" til að leika körfuknattleik og eins og málin stæðu í dag væru ekki líkur á að leikmenn yrðu "fluttir inn" til að leika með öðrum flokkum en meistaraflokki karla.

Þingskjöl nr. 2, 3, 4 og 5. Tillögur frá Kolbrúnu Jónsdóttur og Þórdísi Önnu Kristjánsdóttur.

Þórdís hafði orð fyrir þeim og gerði hún grein fyrir ástæðum fyrir því að þessar tillögur væru fram komnar, en þær eru allar byggðar á reynslu liðsins vetrar.

Hún tók sérstaklega fyrir tillögu um "turneringar" á þingskjali nr. 2 þar sem hún taldi að hugsanlega væri ekki nógu ljóst hvað við væri átt.

Þingskjál nr. 6 frá Atla Arasyni.

Þingskjöl nr. 7, 8, 9 og 10 frá Sigurði Val Halldórssyni.

Þar sem tillaga Atla var í mjög líku formi og tillaga S.V.H. á þingskjali nr. 8 talaði Sigurður fyrir öllum tillögunum. Hann gerði grein fyrir þeim ástæðum sem lögju að baki hverri tillögu fyrir sig.

Á þingskjali nr 7 er tillaga um flokkun eftir styrkleika í lið þegar sama félag tilkynnir fleiri en eitt lið til þátttöku í sama flokki í Íslandsmóti.

Í.R. ingar höfðu lent í því í vetur að vera með 2 lið í 3 flokkum og máttu ekki nótalleikmenn úr A liði í B liði og vildi Sigurður með þessari tillögu einungis gera þessa hluti skýrari.

Tillögu á þingskjali nr. 9 sagði hann að nokkru leyti komna fram af eiginhagsmunasemi þeirra Í.R. inga, þar sem þeir hefðu á liðnum vetri tapað þremur Íslandsmeistaratitlum á því að F.I.B.A. reglur giltu en ekki væri leikið til úrslita.

Á þingskjali nr. 10 leggur Sigurður til að 6. grein reglugerðar fyrir dómara nefnd verði lögð niður. Ástæðuna kvað hann þá að hann hefði ekki orðið var við að eftir þessari grein væri farið síðastliðinn vetur, og því sæi hann enga ástæðu til að hafa hana í reglugerðinni.

Á þingskjölum nr. 6 og nr. 8 sagði Sigurður að fyrst og fremst væri verið að breyta 1. deild karla og 1. deild kvenna.

Þingskjál nr. 11. Tillaga frá Benedikt Jónssyni og Sigurði Lárusi Hólmi.

Lárus hafði orð fyrir þeim félögum og gerði grein fyrir afstöðu þeirra. Kvað þá fyrst og fremst vera að gera óljósa hluti skýrari til að koma í veg fyrir að mál eins og það sem kom upp í vetur, komi upp aftur.

Tillögum á þingskjölum nr. 1-11 var öllum vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Þingskjál nr. 12 Þingsályktunartillaga frá Sigurði L. Hólmi Torfa Magnússyni, Jóni Sigurðssyni, Þorgeiri Ingvarssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur.

Sigurður Valur Halldórsson gerði grein fyrir tillögunni, þar

sem hann er höfundur hennar þó að hann sé ekki flutningsmaður.

Vísað til Allsherjarnefndar.

Var nú orðið gefið laust um þær tillögur sem lagðar höfðu verið fram.

Guðni Ölversson gerði að umræðuefni tillögu til breytinga á 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót þ.e.a.s. þann hluta sem snýr að 1. deild karla, fjölgun liða og fækkun leikja.

Hann kvað þessa tillögu hreina klikkun að sínu mati. Vildi minna á hvers vegna 1. deild var breytt fyrir aðeins 2 eða 3 árum, en það var til þess að minnka bilið milli Úrvalsdeildar og 1. deildar, þannig að lið sem vinnur sig upp úr 1. deild eigi einhverja möguleika í Úrvalsdeild. Taldi vænlegra að gera einhverjar breytingar á keppnisfyrirkomulagi í 11. deild karla.

Atli Arason vildi meina að ef þessi breyting gengi í gegn yrði það til þess að auka breidd í 1. deild. Meginrökin væru þau að í 11. deild eru nokkur lið sem eru fullboðleg í 1. deild og myndu auka þar breidd og víðsýni.

Stefán Ingólfsson tók til umræðu þingskjal nr 9. Hann kvað það sína skoðun að ekki mætti koma fyrir að samþykkt yrði að draga átti í riðla eins og þar er gert ráð fyrir, þar sem undanfarin ár hefur verið stefnan að reyna að draga úr ferðakostnaði og því skyldi vera heimild til að raða í riðla. Hann lagði ennfremur til að tafla sú sem þar er sýnd, og keppa skal eftir, yrði felld niður þar sem hann vissi ekki til að nokkur, sem raðað hefur niður Íslandsmóti, hefði notað hana.

Þá snéri hann sér að því sem hann sagði að virtist ætla að verða stórmál þingsins þ.e. breytingatillaga við 1. deild karla. Hann kvaðst geta séð kosti og galla við hvort fyrirkomulag um sig, og bað menn um að hugleiða málið vel áður en einhver samþykkt yrði gerð.

Einar G. Bollason minntist á tillögu á þingskjali nr. 2 og bað menn að hugleiða það vel hvort það væri þetta sem við vildum, hafa turneringar í einhverjum flokki nánast um hverja helgi allan veturinn.

Hann mælti með samþykkt tillögu á þingskjali nr.7 þar sem þar væri eingöngu verið að gera óljósa hluti ljósa og það væri af hinu góða.

Því næst tók hann til umræðu þingskjöl nr. 6 og nr. 8. Vildi einungis gera grein fyrir hverju væri verið að breyta. Það eru fyrst og fremst þrjú atriði:

- 1) 1.DEILD KARLA verði skipuð átta liðum er leiki tvöfalda umferð.
- 2) 1.DEILD KVENNA verði skipuð átta liðum er leiki tvöfalda umferð.
- 3) Úrslitakeppni Úrvalsdeildar verði felld niður.

Hann flutti hugleiðingu um kosti þá og galla sem hann sái

við úrslitakeppnina. Hann kvaðst hafa kannað málið á hinum Norðurlöndunum og þar væri alls staðar úrslitakeppni og alls staðar, nema í Noregi, verður lið deildarmeistari eftir deildakeppni en Landsmeistari eftir úrslitakeppni. Í Noregi er þessu öfugt farið og telja Norðmenn að það dragi tvímálalaust úr spennu við úrslitakeppnina, að þá þegar hafa verið krýndir Noregsmeistarar. Að lokum tók Einar fyrir þingskjal nr. 9. Hann varaði við samþykkt þessarar tillögu þar sem fyrir aðeins einu ári hefðu þessi ákvæði verið tekin inn í reglugerð okkar til samræmis við F.I.B.A. reglur.

Sigurður Lárus Hólm sagðist til tilbreytingar ætla að vera sammála Einari varðandi tillögu um breytingu á 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót á þingskjali nr. 8. Hann kvaðst hafa verið mikið á móti úrslitakeppninni í fyrra en væri aðeins minna á móti henni núna. Benti á bæði kosti og galla sem hann sæi við hana.

Sigurður Valur Halldórsson sagðist vilja gera grein fyrir ástæðum þess að þessar tillögur væru fram komnar. Hann kvaðst hafa heyrt marga tala um þau mál sem fjallað er um í tillögunum og hann hefði talið rétt að þau kæmu til umræðu á Ársþingi KKÍ, þar sem það færi jù með æðsta vald í málefnum körfuknattleiksins.

Nú var gert hlé á þingstörfum til kl. 13.00. næsta dag.

SÍÐARI DAGUR

Einar Bollason 2. þingforseti setti þingstörf í gang að nýju í fjarveru Bjarna.

9. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

a) Laga- og leikreglnanefnd. Jónas Ingi Ketilsson hafði orð fyrir nefndinni.

Hann tók þingskjölin fyrir eitt í senn.

Þingskjal nr. 1. Nefndin mælti með samþykkt tillögunnar.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt einróma.

Þingskjal nr. 2. Nefndin taldi ekki ástæðu til að þessi tillaga yrði samþykkt, heldur lagði hún til að henni yrði vísað til mótanefndar.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var frávísunartillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 3. Nefndin mælti með samþykkt þessarar tillögu.

Sigurður Valur mælti gegn tillögunni vegna slæmrar reynslu liðsins vetrar.

Nú var ákveðið að bera tillögur á þingskjölum nr. 3 og 10, undir atkvæði, saman. Þingskjal nr. 3 tekið fyrir fyrst og samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta, aðeins einn var á móti.

Þingskjal nr. 10 var síðan fellt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal nr. 4. Jónas gerði lítillega grein fyrir þeim breytingum, sem samþykkt tillögunnar, hefði í för með sér. Nefndin mælti með að tillagan yrði samþykkt.

Gunnar Valgeirsson hafði orð fyrir kjörbréfanefnd:
Nokkrir nýir fulltrúar höfðu bást við og lagði nefndin til að kjörbréf þeirra yrðu samþykkt, var það gert.

Nöfn nýrra fulltrúa:

Frá Í.B.Í. Guðjón Þorsteinsson
Magnús Snorrason

Frá Í.S. Hjálmar Hallgrímsson
Ólafur Jóhannsson

Frá Í.B.K. Jón Guðbrandsson

Frá Í.B.R. Svanur Ingimundarson
Davíð Janis.

Orðið laust.

Kristinn Guðnason kvaddi sér hljóðs um tillögu á þingskjali nr. 4. Vildi benda á að þar sem þátttökugjöld væru greidd áður en Íslandsmót færi fram, væri um fyrirframgreiðslu að ræða og samkvæmt landslögum væri óheimilt að reikna dráttarvexti á fyrirframgreiðslu.

Menn voru almennt á því að ekki væri um fyrirframgreiðslu að ræða, þar sem öll vinna og útlagður kostnaður kæmi fyrr, þ.e. um sumarið.

Viðbótatillaga kom frá laga og leikreglnanefnd þar sem kveðið er á um að reikna skuli dráttarvexti 15 dögum eftir gjalddaga.

Var tillaga á þingskjali nr. 4 nú samþykkt með viðbótartillögunni.

Þingskjal nr. 5. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og til viðbótar að stjórn KKÍ sé heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og skuli þeir reiknaðir 15 dögum eftir gjalddaga.

Báðar tillögurnar samþykktar samhljóða.

Þingskjal nr. 6. Jónas kvað nefndina hafa rætt þessa tillögu fram og aftur. Hann gerði grein fyrir, hvaða breytingar um væri að ræða. Nefndin lagði til að tillögunni yrði vísað frá.

Orðið gefið laust.

Atli Arason: Svaraði þeim rökum sem komið höfðu fram, gegn tillöggunni.

a) Leikjum fækkar. Atli sagði að vissulega fækkaði leikjum hjá þeim liðum sem nú þegar leika í 1. deild en hins vegar fjölgaði þeim hjá liðum sem nú leika í 11. deild.

b) Minni breidd. Hann sagðist ekki geta séð hvernig minni breidd getur verið í deild með 8 lið en í deild með 6 lið.

c) Ferðakostnaður eykst. Kvað það hafa sýnt sig að ferðakostnaður væri mjög breytilegur eftir því hvaða lið eru í deildinni.

Þá tók hann fyrir erfiðleika við að ná upp körfubolta-áhuga úti á landi þegar leikir væru svo fáir sem raun bar vitni í 11. deild s.l. vetur og þar að auki með löngu milli-bili.

Hann taldi "turneringaformið" nauðsynlegt í 11. deild til að fjölga leikjum.

Eyjólfur Guðlaugsson lýsti þeirri skoðun sinni að fāránlegt væri að leysa vanda 11. deildar með því að búa til nýjan vanda í 1. deild. Hann taldi fækkun leikja í 1. deild mikla afturför.

Fleiri höfðu ekki kvatt sér hljóðs.

Flutningsmaður dró til baka, ákvæði í tillöggunni, um niðurfellingu úrslitakeppni Úrvalsdeildar.

Frávísunartillaga kom frá Laga- og leikreglnanefnd, sem hljóðar svo:

"Laga- og leikreglnanefnd leggur til að breytingatillögu við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót á þingskjali nr. 6 verði vísað frá."

Frávísunartillagan var samþykkt.

Þingskjal nr. 7. Jónas skýrði aðeins nánar hvað um væri að ræða.

Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan samþykkt einróma.

Þingskjal nr. 8. Nefndin mælti með því að vísa til stjórnar að endurskoðun fari fram á 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, bæði hvað varðar orðalag og uppsetningu.

Sigurður Valur skýrði nánar tillögu sína, sem hann kvað fyrst og fremst fela í sér breytingar á 1. deild karla og 1. deild kvenna.

Jónas Ingi benti á að ekki væri síður um miklar breytingar að ræða í Úrvalsdeild, þar sem fella ætti niður úrslitakeppni.

Lárus Hólm tók undir orð Jónasar. Sagði síðan að þó að hann skipti sér nú almennt ekki af kvennakörfubolta, þá skyldi hann ekki hvað ætti að gera ef t.d. 7 lið tilkynntu þátttöku í meistaraflökki kvenna.

Sigurður Valur kvaðst fús til að falla frá ákvæði um niðurfellingu úrslitakeppni ef menn vildu hafa hana áfram.

Vegna mikillar umræðu um þessa tillögu samþykkti þingheimur að veita laga-og leikreglnanefnd smáhlé til að ræða málið nánar.

Á meðan laga-og leikreglnanefnd réði ráðum sínum var Allsherjarnefnd gefið orðið.

Hilmar Gunnarsson hafði orð fyrir nefndinni og tók fyrir þingskjal nr. 12. Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt, stjórnin skipaði nefndina og reglurnar yrðu gefnar út og kynntar fyrir 15. september.

Var tillagan með fyrrgreindri viðbót samþykkt einróma.

Nú hafði laga-og leikreglnanefnd lokið umræðum og kvað Jónas Ingi nefndarmenn ekki telja rétt að samþykkja breytingar á 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, núna og þeir stæðu við þá tillögu að vísa málinu til stjórnar.

Frávísunartillaga borin undir atkvæði og samþykkt.

Þingskjal nr. 11. Jónas las upp tillöguna á þessu þingskjali og skýrði hverjar breytingar samþykkt hennar hefði í för með sér. Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt einróma.

Þingskjal nr. 13. Þar sem þetta er tillaga frá laga-og leikreglnanefnd leggur nefndin að sjálfsögðu til að hún verði samþykkt.

Sigurður Valur sagði að með tilliti til meðferðar breytingatillagna við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, sem áður hefðu komið fram, yrði hann að fara fram á að þessari tillögu yrði líka vísað til stjórnar.

Frávísunartillaga Sigurðar Vals felld.

Tillaga á þingskjali nr. 13 síðan borin undir atkvæði og samþykkt.

Nú hafði Jónas Ingi lokið máli sínu fyrir hönd laga-og leikreglnanefndar og voru þá tekin til afgreiðslu mál þau er vísað hafði verið til fjárhagsnefndar.

Sigurður Lārus Hólm hafði orð fyrir fjárhagsnefnd. Þeir höfðu tekið þá stefnu að gera ekki fjárhagsáætlun, en lögðu tillögu fyrir þingið samkvæmt þingskjali nr. 14.

Jónasi Inga Ketilssyni þótti bagalegt að fráfaramandi stjórn skyldi ekki senda frá sér einhvers konar tillögu eða ramma, til viðmiðunar fyrir fjárhagsnefnd þingsins. Hann minnti á að á fyrra degi þessa þings hafi mikið verið rætt um skiptingu fjármagns innan KKÍ og því harmaði hann að ekki skyldi vera komin fram fjárhagsáætlun

Tillagan á þingskjali nr 14. var síðan samþykkt.

10. Önnur mál:

Einar Bollason bar fram tillögu til þingsályktunar. Þingskjal nr. 15. Var hún samþykkt.

Þorgeir Ingvarsson: Ræddi vítt og breitt um unglíngamál og samskipti félaganna og KKÍ í þeim efnum.

Hann ræddi einnig nokkuð um fjárhágshliðina á því máli. Stefna félaganna og unglínganefndar KKÍ er að leita meira og meira á náðir foreldra, en við verðum að gæta þess að kollkeyra ekki heimilum þessara unglínga.

Kvaðst vera mjög hrifinn af því starfi sem fram fer á vegum unglínganefndar KKÍ.

Tók því næst fyrir framkvæmd Íslandsmótsins í yngri flokkum sem hann taldi því miður hafa farið úr böndum, vegna þess að ekki fékkst hæft fólk til starfa (dómara og starfsmenn við ritaraborð.) Hér er úrbóta þörf.

Lárus Hólm hóf mál sitt með því að lýsa yfir ánægju sinni með þingsályktunartillögu þá er Einar Bollason bar upp. Síðan tók hann til umfjöllunar efni sem hann kvað vera sér mjög hugleikið þ.e. áhorfendafjöldi

Á þinginu hafði verið dreift samanburðartölum yfir aðsókn að leikjum liðanna í Úrvalsdeildinni í vetur og í fyrra. Lárus tók þar sérstaklega fyrir áhorfendafjölda á heima-leikjum U.M.F.N. s.l. vetur.

Honum þótti undarlegt hve áhangendur Njarðvíkinga virðast vera miklu duglegri að horfa sína menn í öðrum bæjarfélögum heldur en heima hjá sér.

Einar Bollason fagnaði því að loks skyldi einhver hafa þorað að ljá máls á þessu. Hann sagði að eins og allir vissu væri hér um hreinan þjófnað að ræða. Hann lagði til að þingið ályktaði í þessu sambandi.

Var nú gert kaffihlé í 10 mínútur.

Þegar þingstörf hófust að nýju kvaddi sér hljóðs Einar nokkur Bollason, til að inna af hendi ákaflega ánægjulegt embættisverk. Hann kvað það hafa yljað sér um hjarta-rætur þegar stjórn KKÍ ákvað fyrir skömmu að það skyldi koma í hans hlut að fá að heiðra Jón Sigurðsson vegna hins frábæra árangurs að hafa leikið yfir 100 landsleiki í körfuknattleik, og reyndar gott betur eða 120 og vera með landsliðinu samfleytt í 16 ár ef frá eru taldir leikir sem Jón bað um frí í, á síðastliðnu keppnistímabili, til að fara sem þjálfari með unglíngalandsliðinu á Polar Cup.

Það þarf ekki að taka það fram að Jón er eini Íslendingurinn sem hefur náð þessum árangri og ávallt hefur hann verið góður sendiherra íslensks körfuknattleiks á erlendri grund. Af þessu tilefni færir KKÍ Jóni gullúr.

En það nær enginn þessum árangri nema með góðum stuðningi fjölskyldunnar og því færði stjórnin eiginkonu Jóns, Höllu Snorradóttur, blómaskreytingu að gjöf, í þakklætisskyni.

Lárus Hólm mælti fyrir tveimur þingsályktunartillögum. Sjá þingskjöl nr. 16 og 17.

Voru báðar tillögurnar samþykktar.

11. Kosning í körfuknattleiksdómstól:

Tillögur kjörnefndar: Aðalmaður til 3 ára Gísli Gíslason
Varamaður til 3 ára Atli Arason

Fleiri tillögur bárust ekki og teljast þeir því rétt kjörnir.

12. Kosning í Aganefnd:

Tillögur kjörnefndar: Aðalmaður til 3 ára: Sigurður Þórarinnsson
Varamaður til 1 árs: Guðmundur Eiríksson

Ekki bárust fleiri tillögur og eru þeir því rétt kjörnir.

13. Kosning þriggja manna í nefnd samkvæmt reglugerð um erlenda leikmenn.

Þar sem erlendir leikmenn eru ekki leyfðir , er ekki þörf á að kjósa í þessa nefnd.

14. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á Íþróttaping.

Tillögur kjörnefndar:

Formaður: Eiríkur Ingólfsson

Stjórnar-
menn til

2 ára: Hilmar Gunnarsson
Þóra Steffensen

Stjórnar-
maður til

1 árs: Jónas Ingi Ketilsson

Sjálf-
kjörinn

til 1 árs: Kristinn Stefánsson

Í vara-

Stjórn: Einar Gunnar Bollason
Þordís Anna Kristjánsdóttir

Endur-
skoðend-
ur:

Gunnar Gunnarsson
Sigurður Valur Halldórsson.

Aðrar tillögur bárust ekki og var þessum aðilum fagnað með lófaklappi.

Nýkjörinn formaður, Eiríkur Ingólfsson, bauð samstarfsmenn sína velkomna til starfa og kvaðst vonast til að njóta góðs samstarfs á komandi starfsári.

Að lokum sleit þingforseti, Bjarni P. Magnússon, þinginu og þakkaði þingfulltrúum fundarsetuna.

Kolbrún Jónsdóttir
þingritari.

sp.

Fylgiskjal nr. 1

Breytingatillaga við 3. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Fyrsta málsgrein hljóði svo:

"Liðgengir til þátttöku í körfuknattleiksmótum eru áhugamenn sem verið hafa félagar í því félagi sem þeir keppa fyrir, í minnst 1 mánuð áður en kappleikur fer fram, og hvað varðar meistaraflokk karla, hafi íslenskan ríkisborgararétt."

F.h. Körfuknattleiksdeildar K.R.
Benedikt Jónsson

Mótanefnd. Fylgiskjal nr. 2

Breytingatillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

- a) liður. Niður falli málsgreinin " Stefnt skal að....úrslit í apríl." Í staðinn komi ný málsgrein: "Stefnt skal að því að aðeins einn flokkur leiki um helgi. Keppni þessi, að úrslitakeppni meðtalinni, fari fram á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl."

Kolbrún Jónsdóttir
Þórdís Anna Kristjánsdóttir

sp.

Fylgiskjal nr. 3

Breytingatillaga við reglugerð fyrir dómara nefnd.

6. grein falli niður. Í staðinn komi ný grein.

6. Dómurum í 1. flokki skal skipta í þriggja manna hópa sem dæma skulu eftirtalda leiki: Alla leiki í Úrvalsdeild, 1. deild kvenna, 1. deild karla, 11. deild karla, Lávarðadeild og Bikarkeppni meistaraflokka. Auk þess úrslitaleiki í bikarkeppni og Íslandsmóti yngri flokka, skólamótum og firmakeppni."

Kolbrún Jónsdóttir
Þórdís Anna Kristjánsdóttir

sp.

Fylgiskjal nr. 4

Breytingatillaga við 27. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

27. grein falli niður, í staðinn komi ný grein.

27. grein.

" Félög skulu tilkynna þátttöku allra flokka í Íslandsmóti eigi síðar en 1. júní. Þátttökutilkynningu skal fylgja staðfestingargjald 10% af þátttökugjaldi. Staðfestingargjald er óafturkræft þó að félag dragi flokka úr keppni.

Eftirstöðvar þátttökugjalda greiðast í þrennu lagi, þannig:

1/3 hluti fyrir 15. september

1/3 hluti fyrir 1. nóvember

1/3 hluti fyrir 15. desember

Fylgiskjal nr. 4 frh.

Stjórn KKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga.

Félög skulu tilkynna þátttöku í bikarkeppni fyrir 1. nóvember. Þátttökugjald greiðist fyrir hvern leik, áður en hann fer fram."

Til samræmis breytist 5. grein reglugerðar fyrir mótanefnd. Fyrsta málsgrein hljóði svo:
" Þátttökutilkynningum til Íslandsmóts skal skila til mótanefndar fyrir 1. júní sbr. 27. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót."

Kolbrún Jónsdóttir
Þórdís Anna Kristjánsdóttir

Sp.

Fylgiskjal nr. 5

Breytingatillaga við reglugerð fyrir dómaranefnd.

8. grein a) liður hljóði svo:

"Helmingur áætlaðra dómaragjalda skal greiddur sem hér segir:

1/3 hluti fyrir 15 september

1/3 hluti fyrir 1. nóvember

1/3 hluti fyrir 15 desember."

Stjórn KKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga."

Kolbrún Jónsdóttir
Þórdís Anna Kristjánsdóttir

Felt

Fylgiskjal nr. 6

11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót - tillaga um breytingu.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss, skal vera í þremur deildum.

Úrvalsdeild skal skipuð sex liðum, sem leiki fjórfalda umferð.

1. deild skal skipuð átta liðum, sem leiki tvöfalda umferð.

11. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í Úrvalsdeild eða 1. deild. Í 11. deild skal leikið í "turneringum".

Framhald 11. greinar skal vera óbreytt nema hvað burtu skal falla ákvæði um úrslitakeppni í Úrvalsdeild.

Ákvæði til bráðabirgða:

1. deild skal vera skipuð á eftirfarandi hátt fyrir keppnistímabilið 1984-85. (Miðað við vor 1984). Því liði sem féll úr Úrvalsdeild, þeim liðum, sem höfnuðu í 2., 3., 4. og 5. sæti 1. deildar ásamt sigurvegurum 11. deildar. Auglýst skal eftir þátttökutilkynningum fyrir þau tvö sæti sem eftir eru. Óski fleiri en tvö lið eftir þátttöku skal keppt um sætin.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Breiðabiliks
Atli Arason.

sp.

Fylgiskjal nr. 7

Breytingatillaga við 7. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Á eftir:

"..... til keppni í meistaraflokki bandalags eða Íslandsmótsins" komi:

Við flokkun eftir styrkleika í A, B og C lið o.s.frv. innan sama aldursflokks, skulu eftirfarandi reglur gilda:

1. 10 leikjahæstu leikmönnum A liðs, er óheimilt að leika með B liði.
2. 20 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlegat, er óheimilt að leika með C liði. o.s.frv.

Ekki er heimilt að fara leikmenn milli liði, á meðan að keppnisriðlar (turneringar) standa yfir hverju sinni."

Síðan heldur greinin áfram óbreytt.

Leiktími í opinberum körfuknattleiksmótum.....

Sigurður Valur Halldórsson

Við til stjórnun Fylgiskjal nr. 8

Breytingatillögur við reglugerð um körfuknattleiksmót.

11. grein orðist svo:

Landsmót í meistaraflokki karla skal vera í þremur deildum.

ÚRVALSDEILD: skipuð sex liðum, sem leiki fjörfalda umferð.

1. DEILD: Skipuð átta liðum, sem leiki tvöfalda umferð.

11. DEILD: Skipuð þeim liðum, sem ekki eiga sæti í Úrvalsdeild eða 1. deild. Í 11. deild skal leikið í keppnisriðlum.

Tilkynni átta lið eða færri aðilar þátttöku í meistaraflokki karla á Íslandsmót, skal leikið í einni deild, tvöfalda umferð.

Sigurvegari í 1. deild öðlast rétt til þátttöku í Úrvalsdeild næsta leikár á eftir.

Sigurvegari í 11. deild öðlast á sama hátt rétt til að leika í 1. deild næsta leikár.

Sá aðili er hlýtur fæst stig í Úrvalsdeild, fellur í 1. deild og leikur þar næsta leikár.

Á sama hátt fellur það lið sem fæst stig hlýtur í 1. deild niður í 11. deild og leikur þar næsta leikár.

Taki félag í Úrvalsdeild eða 1. deild, ekki þátt í þeirri deild, sem það hefur rétt til, fellur það félag sjálfkrafa niður um eina deild.

Landsmót í meistaraflokki kvenna skal haldið í tveimur deildum, ef þátttaka er næg.

1. DEILD: Skal skipuð átta liðum, sem leiki tvöfalda umferð.

11. DEILD: Skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga sæti í 1. deild.

Flutningur milli deilda í kvennaflokki skal vera á sama hátt og í meistaraflokki karla. Meistaramót Íslands í körfuknattleik skal haldið á tímabilinu 1. október til 15. apríl.

Mótanefnd KKÍ er samkvæmt reglugerð, framkvæmdaaðili Íslands-
móts.

Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt félag tilkynnir þátttöku. Keppt skal um titilinn.

Svæðiskeppni fer fram í öllum flokkum, nema í Úrvalsdeild, 1. deild karla og 1. deild kvenna.

Að loknum svæðakeppnum fer fram sérstök úrslitakeppni, þar sem KKÍ er umsjónaraðili og ákveður keppnisstað.

Keppni í öðrum flokkum á Íslandsmóti innanhúss, en í deildum karla og kvenna svo og í 1. og 11. flokki karla, skal hagað á eftirfarandi hátt:

- a) Í 3., 4. og 5. aldursflokkum karla og 2., og 3. aldursflokkum kvenna, sem og minni bolta, skal skipta liðum í 5-7 liða riðla þar sem þátttaka leyfir. Hver riðill skal leika þrisvar á keppnistímabilinu, eina helgi í hvert skipti, og skulu allir leika við alla. Mótanefnd skal haga keppninni þannig að 3. og 5. flokkur karla, svo og 2. flokkur kvenna leiki á einni helgi, og að 4. flokkur karla, 3. flokkur kvenna og Minni bolti leiki um aðra helgi.

Keppni þessi skal fara fram í nóvember, janúar og mars. Samanlögð úrslit úr þessum þremur keppnisriðlum ræður röð liða.

Úrslit í þessum flokkum skulu fara fram í apríl.

Íslandsmeistari verður það lið, sem flest stig hlýtur í úrslitakeppninni.

Mótanefnd er heimilt að flytja lið milli riðla, ef önnur lið hætta þátttöku eða aðrar ástæður eru fyrir hendi.

- b) Þátttökuliðum í 1. og 2. flokki karla, skal skipt í riðla, ef þátttökulið eru fleiri en átta. Leikin skal einföld umferð, allir við alla. Ef um riðlakeppni er að ræða, skulu efstu lið úr hvorum riðli leika til úrslita um Íslandsmeistartitilinn.
- c) Reglur um skiptingu kostnaður við framkvæmd keppni í yngri flokkum skal stjórn KKÍ setja í samráði við allsherjarnefnd.

Sigurður Valur Halldórsson

Breytingatillaga við reglugerð um körfuknattleiksmót.

17. grein orðist svo:

FLOKKAKERFISKEPPNI.

Stig skal reikna sem hér segir:

Fyrir unnin kappleik skal reikna + 2 stig.

Það lið vinnur, sem gerir flestar körfur, þ.e.a.s. leikur vinnst með 1 stigi t.d. 76:75. Standi leikar jafnir að loknum venjulegum leiktíma, skal framlengja í samræmi við gildandi Körfuknattleiksreglur

Það félag, sem fær flest stig samkvæmt framanskráðu vinnur. Náiast ekki úrslit á þennan hátt, ber að leika til úrslita.

Taki allt að sex félög þátt í móti í einhverjum flokki, skulu þau keppa öll við eitt og eitt við öll. Verði liðin fleiri en sex, skal keppt í riðlum.

7-12 lið - 2 riðlar
13-18 lið - 3 riðlar, o.s.frv.

Í hverjum riðli keppir einn við alla og allir við einn, síðan er úrslitakeppni samkvæmt ákvæðum 11. greinar reglugerðar þessarar.

Draga skal flokkana í riðla, en síðan skal númera hvern flokk innan riðlanna og keppt eftir töflu þeirri, sem fer her á eftir:

3 flokkar (3 leikir) 1-2, 1-3, 2-3.
4 flokkar (6 leikir) 1-2, 3-4, 1-3,
2-4, 2-3, 1-4.
5 flokkar (10 leikir) 1-2, 3-4, 1-5,
2-3, 4-5, 1-3,
2-4, 3-5, 1-4, 2-5.
6 flokkar (15 leikir) 1-2, 3-4, 5-6, 1-3, 2-5,
4-6, 1-5, 2-4, 3-6, 1-4,
2-6, 3-5, 1-6, 2-3, 4-5.

Séu flokkarnir svo fáir, að ekki þurfi að keppa í riðlum, er tafla þessi ekki bindandi.

Við röðun liða, áður en til úrslitakeppni kemur, skal eftirfarandi vera til ákvörðunar, ef hrein úrslit hafa ekki náðst:

1. Sigurvegari úr innbyrðisviðureignum í mótinu.
2. Hagstæðara stigaskor úr innbyrðis viðureignum.
3. Ef úrslit hafa ekki náðst með framangreindum aðferðum, skulu úrslit við það lið sem næst er í röðinni tekið inn í ákvörðun um röðun liðanna. (sbr. lið 1 og 2.)

Sigurður Valur Halldórsson

Fellt

Fylgiskjal nr. 10

Breytingatillaga við reglugerð fyrir dómara nefnd.

6. grein falli niður
7. grein verði 6. grein.
8. grein verði 7. grein o.s.frv.

Sigurður Valur Halldórsson

Sp.

Fylgiskjal nr. 11

Stjórnir körfuknattleiksdeilda K.R. og Vals votta stjórn KKÍ virðingu sína og leggja til að eftirfarandi breytingar á 3. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, verði teknar til umræðu og hugsanlegrar afgreiðslu á ársþingi K.K.Í. 1984.

Fjórða setning annarar málsgreinar hljóði svo:

"Ef leikmaður fer útan til leiks með erlendu liði telst hann skipta um félag, sem viðkomandi er skylt að tilkynna KKÍ og er honum ekki heimil keppni erlendis fyrr en KKÍ hefur gefið út eða mótttekið og samþykkt tilkynningu um félagaskiptin."

Fjórða og síðasta málsgreinin falli niður.

Virðingarfyllst

Benedikt Jónsson
Sigurður Lárus Hólm

Sp.

Fylgiskjal nr. 12

Tillaga til ályktunar lögð fyrir ársþing KKÍ, haldið dagana 18. og 19. maí 1984.

"Vegna fyrirsjáanlegra breytinga á leikreglum körfuknattleiksins á sumri komanda, samþykkir Ársþing KKÍ að skipuð verði nefnd til að sjá um þýðingu og útgáfu á nýjum leikreglum í körfuknattleik, að höfðu samráði við Í.S.Í.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum og skulu tveir þeirra tilnefndir úr hópi dómara í Úrvalsdeild. Þriðji aðilinn skal tilnefndur af stjórn KKÍ.

Ársþing KKÍ telur nauðsynlegt, að nýjar leikreglur verði tilbúnar fyrir haustið og verði þá kynntar sambandsaðilum með námskeiðum og kynningarfundum bæði í Reykjavík og úti um land.

Nefndin skal einnig hafa frumkvæði að því að kynna breytingar þær, sem snúa að íþróttahúsum, fyrir forráðamönnum þeirra."

Sigurður Lárus Hólm
Torfi Magnússon
Þorgeir Ingvarsson
Jón Sigurðsson
Kolbrún Jónsdóttir

Sp.

Fylgiskjal nr. 13

Breytingatillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein er hljóði svo:

"Tvö neðstu lið Úrvalsdeildar skulu leika tvo eða þrjá leiki sín á milli. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum heldur sæti sínu í Úrvalsdeild. Hitt liðið fellur í 1. deild og leikur þar næsta leikár á eftir.

Um leikstað skal gilda, að það lið sem hlaut fleiri stig í Úrvalsdeildinni skal leika, fyrsta leik á heimavelli, annan á úti- velli og þriðja á heimavelli. Um tekjuskiptingu skal hið sama gilda og gildir í úrslitakeppni Úrvalsdeildar."

Þriðja setning 6. málsgreinar falli niður.

4. setning hljóði svo:

"Sá aðili er fæst stig hlýtur í 1. deild fellur niður í 11. deild og leikur þar næsta leikár á eftir."

Laga og leikreglnanefnd
Jónas Ingi Ketilsson
Torfi Magnússon
Sigvaldi Ingimundarsson

Sp.

Fylgiskjal nr. 14

Tillaga frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd leggur til að gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár verði vísað til stjórnar KKÍ, sem ber að leggja hana fram á Allsherjarnefndarfundum eigi síðar en 1. júlí n.k.

Röksemdir: Undanfarin ár hefur ekki reynst unnt að framfylgja fjárhagsáætlun, samþykkt af Ársþingum KKÍ, enda oft unnin og samþykkt án mikillar íhugunar.

Á yfirstandandi Ársþingi verða kosnir fjórir nýir menn í stjórn KKÍ, sem eðlilega þekkja ekki til hlítar fjármál KKÍ.

Það er því tillaga okkar að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár (ásamt framkomnum tillögum á þinginu) verði lögð fyrir næsta Allsherjarnefndarfund, eftir nánan undirbúning fjárhagsnefndar og samráð við næstu stjórn KKÍ.

Fjárhagsnefnd
Kristinn Stefánsson
Sigurður Lárus Hólm
Kristinn Guðnason.

Fylgiskjal nr. 15

Tillaga til þingsályktunar.

"24. ársþing KKÍ leggur áherslu á að hinu þróttmikla unglingsstarfi verði áfram haldið og jafnframt verði landslið okkar hafið til veggis og virðingar með skipulögðu starfi fram að EM 1986."

Einar Bollason, Torfi Magnússon, Jón Sigurðsson.

Sp.

Fylgiskjal nr. 16

Tillaga til þingsályktunar.

"24. ársþing KKÍ samþykkir að fela næstu stjórn KKÍ, að setja reglur um uppgjör á leikjum. Reglur þessar skulu miða að því að KKÍ hlotnist þær tekju sem því ber samkvæmt lögum sambandsins þar um. Stjórn KKÍ er heimilt að setja hverjar þær reglur, sem hún telur nauðsynlegar."

Sigurður Lárus Hólm
Kristinn Guðnason
Sigurður Valur Halldórsson
Sigurður Valgeirsson
Carsten Kristinsson
Einar Bollason.

Sp.

Fylgiskjal nr. 17

Tillaga til þingsályktunar.

" 24. ársþing KKÍ dregur mjög í efa, að þær áhorfendatölur, sem liggja fyrir þinginu, séu réttar hvað varðar U.M.F.N."

Einar Bollason
Carsten Kristinsson
Kristinn Guðnason
Sigurður Valur Halldórsson
Sigurður Lárus Hólm.

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDSREKSTRARREIKNINGUR 1.5.1983 - 30.4.1984Tekjur:

Íslandsmót 1984	(1)	Kr.	287.931
Bikarkeppni KÍ 1984	(2)	"	75.054
Styrkir	(3)	"	427.157
Félagaskipti	"	"	10.400
Sjónvarpsréttindi	"	"	77.750
Skólamót KÍ 1984	"	"	46.100
Happdrætti	"	"	64.730
Lokahóf	"	"	16.900
Selt kennsluefni	"	"	6.312
Vaxtatekjur	"	"	9.698
			<hr/>
	Tekjur alls		Kr.1.022.032
			<hr/> <hr/>

Gjöld:

Íslandsmót 1984	(1)	Kr.	159.595
Bikarkeppni KÍ 1984	(2)	"	41.670
Skólamót KÍ 1984	"	"	4.060
Happdrætti	"	"	62.650
Lokahóf	"	"	15.125
Útbreiðslu-og fræðslumál	(4)	"	35.499
Annar rekstrarkostnaður	(5)	"	233.464
Evrópumót landsliða í Osló	(6)	"	295.418
Vaxtagjöld	"	"	53.858
Afskriftir	"	"	7.053
			<hr/>
	Gjöld alls		Kr. 908.392
	Rekstrarhagnaður		" 113.640
			<hr/> <hr/>
			Kr.1.022.032
			<hr/> <hr/>

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

E F N A H A G S R E I K N I N G U R pr. 30.apríl 1984

Eignir:

Skuldunautar	(7)	Kr.	333.231
Skrifstofuhúsgögn og áhöld	(8)	"	21.162
KKÍ - merki		"	3.027
Kennslu-og fræðslugögn	(9)	"	83.780
Eignir alls		Kr.	441.200
			=====

Skuldir:

Áv.reikningslán		kr.	34.660
Lánadrottnar	(7)	"	189.229
Skuldir alls		Kr.	223.229
Eigið fé 30.apríl 1984	(10)	"	217.311
		Kr.	441.200
			=====

Við undirritaðir höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Korfuknattleikssambands Íslands, sem saminn er eftir bókhaldi þess. Álitum við að reikningurinn gefi rétta mynd af efnahag sambandsins í lok apríl og veiti nægilegar upplýsingar um rekstur þess á síðasta ári.

Reykjavík 11.mái 1984

Sunnar Gunnarsson.

Eng. S. Halldórsson

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM KKI.

(1) Íslandsmót:

Dátttökugjöld	Kr.	226.600
Tekjur af leikjum	"	41.231
Leikskrá	"	<u>20.100</u>
	Kr.	<u>287.931</u>
Laun, annar stjórnunarkostn.	Kr.	39.751
Húsaleiga	"	4.119
Boðsmiðar	"	1.500
Prentun á skýrslum	"	9.252
Ferðakostnaður	"	35.927
Leikskrá	"	19.500
Verðlaun	"	<u>49.546</u>
	Kr.	<u>159.595</u>
	Kr.	<u>128.336</u>
		=====

(2) Bikarkeppni:

Dátttökugjöld	Kr.	67.600
Tekjur af leikjum	"	<u>7.454</u>
	Kr.	<u>75.054</u>
Verðlaun	"	4.870
Húsaleiga	"	800
Laun, annar stjórn.kostn.	"	<u>36.000</u>
	Kr.	<u>41.670</u>
	Kr.	<u>33.384</u>
		=====

(3) Styrkir:

Styrkur ÍSÍ	Kr.	270.000
Kennslustyrkur	"	4.963
Íþróttamálanefnd Norðurlands	"	4.044
Ferðasjóður Flugleiða og ÍSÍ	"	3.150
Styrkur Samvinnuferða/Landsýn	"	145.000
	Kr.	<u>427.157</u>
		=====

(4) Útbreiðslu-og fræðslumál:

Fræðslustjóri	Kr.	17.203
Styrkir vegna námskeiða	"	14.960
Annar kostnaður	"	3.336
	Kr.	35.499
		=====

(5) Annar rekstrarkostnaður:

Framkvæmdastjóri	Kr.	93.948
Húsaleiga skrifstofu	"	17.760
Þinghald, ráðstefnur	"	21.505
Sími, burðargjöld	"	35.253
Pappír, prentun, ritföng	"	12.140
Árgjald FIBA	"	8.037
Akstur	"	34.183
Rekstur húsnæðis	"	8.879
Gjafir	"	1.759
	Kr.	233.464
		=====

(6) Evrópumót landsliða í Osló:

Ferðakostnaður	Kr.	274.418
Gjafir	"	6.000
Þjálfaralaun	"	15.000
	Kr.	295.418
		=====

(7) Skuldunautar og lánadrotnar:

Árman	Kr.	13.293	
Bræður	"	1.994	
Fram	"	2.347	
Haukar	"	1.770	
HK	"	4.520	
Esja			Kr. 1.313
Hörður Patreksfirði	"	900	
ÍBR			" 2.679
ÍSI	"	189.092	
ÍR	"	450	
ÍBK	"	23.163	
ÍBH	"	12.080	
ÍBS	"	36.500	
KR			" 5.921
Léttir	"	1.400	
Reynir sandgerði	"	1.000	
Reykjaskóli	"	1.400	
UMF Grindavíkur	"	7.581	
UMF Snæfell	"	6.900	
UMF Skallagrímur	"	7.800	
UMF Tindastóll	"	2.400	
Valur	"		" 10.090
Vík, Mýrdal	"	4.933	
Þór, Akureyri	"	3.920	
Flugleiðir	"	4.000	" 4.582
Ónotaður ferðast.Flugl.+ÍSI	"	3.150	
Ólympíunefnd			" 1.840
Unglinganefnd	"	2.638	
Dómaranefnd			" 62.796
SÍS			" 9.000
Samvinnuferðir-Landsýn			" 76.008
Ógreidd þjálfaralaun			" 15.000
	Kr.	333.231	Kr.189.229
			=====

(8) Skrifstofuhúsgögn og áhöld:

Skrifst.húsg. og áhöld pr.1/5'83	Kr. 28.215
- afskrifað	" (7.053)
	Kr. 21.162
	=====

(9) Kennslu-og fræðslugögn:

MB reglur f.f.ári	kr. 7.608
Endurmatshækkun	" 6.312
	Kr. 13.920
- selt á árinu	" 720
	Kr. 13.200
	=====

Leikreglur f.f.ári	kr. 1.000
Keypt á árinu	" 3.080
	Kr. 4.080
- selt á árinu	" 1.750
	Kr. 2.330
	=====

Kennsluefni A-stig f.f.ári	kr. 72.000
- selt á árinu	" 3.750
	Kr. 68.250
	Kr. 83.780
	=====

(10) Eigið fé:

KKÍ 1.maí 1983	kr. 189.480
Landsliðsnefnd 1.maí 1983	" (85.809)
	Kr. 103.671
Rekstrarhagnaður	" 13.640
	Kr. 117.311
	=====

UNGLINGANEFND KKI.

E F N A H A G S R E I K N I N G U R pr. 30.4.1984

Eignir:

Sparisjóðsb. nr.8421 Bún.		Kr. 55.060
Búningar og áhöld		" 22.539
Skuldunautar	(5)	" . 172.000
Eignir alls		Kr. 249.599
		=====

Skuldir:

Innborgað v.Svipjóðarferðar		Kr. 67.500
Ógr.reikningar	(6)	" 76.978
Skuldabréf		" 130.814
Skuldir alls		Kr. 275.292
Eigið fé 30.4.1984		" (25.693)
		Kr. 249.599
		=====

Við undirritaðir höfum yfirfarið framan-
skráðan ársreikning unglínganefndar KKI
sem saminn er eftir bókhaldi hennar. Álitum
við að reikningurinn gefi rétta mynd af
efnahag nefndarinnar og veiti nægilegar
upplýsingar um rekstur hennar síðasta starfs-
ár.

Reykjavík 11.mái 1984

Sumar Gunnarsson.

Sig. S. Halldórsson

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM:

(1) Æfingabúðir:

Þátttökugjöld	Kr.	205.020
Húsaleiga og fæði	Kr.	137.028
Akstur	"	11.498
Gjafir	"	5.011
Bolir	"	14.719
Límmiðar, ritföng	"	5.165
Ýmis kostnaður	"	4.828
	Kr.	178.249
	<u>Kr.</u>	<u>26.771</u>

(2) Heimsókn Kentucky:

Leikskrá	Kr.	26.100
Tekjur af leik	"	3.280
Endurgr.gisting	"	15.606
	Kr.	44.986
Gisting og fæði	Kr.	27.457
Húsaleiga	"	12.642
Akstur	"	12.047
Fánar, gjafir	"	2.300
	Kr.	54.446
	<u>Kr.</u>	<u>(9.460)</u>

(3) USA - ferð:

Auglýsingablað	Kr.	65.057
Ferðakostnaður	Kr.	83.328
Auglýsingablað	"	29.825
Símakostnaður	"	3.184
Fánar	"	1.050
	Kr.	117.387
	<u>Kr.</u>	<u>(52.330)</u>

(4) Þýskalandsferð:

Ferðakostnaður	Kr.	43.983
Fæðiskostnaður	"	29.416
Akstur	"	2.476
Fánar	"	1.600
Þátttökugjöld	"	1.340
Ýmis kostnaður	"	1.165
	Kr.	79.980
		=====

(5) Skuldunautar:

Samvinnuf.-Landsýn (ónot. ferðast)	Kr.	140.000
Utanfararstyrkur ÍBR (áætl.)	"	32.000
	Kr.	172.000
		=====

(6) Ógr. reikningar:

Guðmundur Jónasson	Kr.	19.000
KKÍ	"	2.638
Ógr.þjálfaralaun	"	55.340
	Kr.	76.978
		=====